

14. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

14. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 15. apríl 2025 kl. 9:00 í fundarherbergi Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Björg Wium Árnadóttir. Þá sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

1. Formaður setti fund og hóf biskup fundinn á ritningarlestri og bæn

2. Yfirlit framkvæmdastjóra

a. Rekstraryfirlit

- i. BG gerði grein fyrir rekstraryfirliti fyrstu þriggja mánaða ársins 2025.

b. Fasteignatengd mál

- i. BG gerði grein fyrir söluferlum á íbúðarhúsi að Holti í Önundarfirði og Kópnesbraut 17, Hólmavík.
- ii. Búið er að samþykkja kauptilboð í Kópnesbraut 17 en ákveðið var að auglýsa íbúðarhúsið að Holti í samræmi við starfsreglur um fasteignir Þjóðkirkjunnar nr. 8/2022-2023.

c. Norrænt samstarf

- i. BG gerði grein fyrir því að fundur framkvæmdastjóra norrænna lúterskra kirkna færi fram á Íslandi í júní og fór hann yfir dagskrá fundarins.

3. Önnur mál

- a. GKH gerði grein fyrir vinnu við nýja handbók Þjóðkirkjunnar.

Næsti fundur var ákveðinn 20. maí 2025 kl. 9:30. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:20.